

**Minnisblað:** Friðgeir Sigurðsson, hdl.  
PricewaterhouseCoopers hf.  
Skógarhlíð 12  
105 Reykjavík  
Símar: 5505300/5505366/8405366  
Tölvupóstur: fridgeir.sigurdsson@is.pwc.com

**Tillaga um breytingu á 3. tölulið 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sett fram í framhaldi af umræðu á fundi efnahags- og skattanefndar, 3. nóvember 2009, um skattaleg atriði tengd lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.**

**Ákvæði 3. tölul. 28. gr. hljóðar svo:**

[Prátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:]

Eignaauki eða aukning ráðstöfunartekna sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila. Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar skv. X. kafla í lögum um gjaldprotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, eða á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.

**Tillaga að nýju orðalagi 3. tölul. 28. gr.:**

Eignaauki eða aukning ráðstöfunartekna sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga. Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar skv. X. kafla í lögum um gjaldprotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, eftirgjöf skulda á grundvelli laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, eða á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.

Ákvæði 1. málsgreinar skulu einnig eiga við þó til skulda hafi verið stofnað í tengslum við atvinnurekstur en þó því aðeins að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð. Að auki ber að fyrna eignir skv. 33. gr. sérstakri aukafyrningu sem mismun á eftirgefinni skuld og fjárhæð yfirfæranlegs taps, allt niður í niðurlagsverð. Ákvæði 34. gr. skulu ekki eiga við í þeim tilvikum. Standi þá eitthvað eftir af fjárhæð eftirgefinnar skuldar skal sú fjárhæð ekki teljast til skattskyldar tekna, sbr. þó ákvæði 3. málsgreinar.

Hafi félag sem fær eftirgefnar skuldir tekið þátt í samsköttun skv. 55. gr. skal yfirfæranlegt tap félags sem var þátttakandi í samsköttuninni á síðasta skattári, einnig nýtt á móti tekjufærslu sem af eftirgjöfinni leiðir. Til þeirrar nýtingar kemur þá fyrst að áður hafi ákvæðum 2. mgr. að fullu verið beitt. Hafi fleiri en eitt félag tekið þátt í samsköttun með félaginu sem nýtur skuldaeftirgjafarinnar skal skerðing á yfirfæranlegu tapi vera hlutfallsleg miðað við fjárhæð yfirfæranlegs taps hvers og eins félags.

*Athugasemdir:*

*Breytingin varðandi einstaklinga felst einvörðungu í því að bæta inn tilvísun til laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Fram hefur komið að afstaða fjármálaráðuneytisins er að þessi tilvísun sé óþörf þar sem gildandi iagarammi og nánari útfærsla í reglugerð nr. 534/2009 sé í algjörum takti við þær tillögur sem í lögnum felast. Reyndar kom fram í almennum athugasemdum frumvarpsins að áfram verði unnið að því með skattyfirvöldum og öðrum aðilum er málið varðar að tryggja eins hnökralausa framkvæmd og mögulegt er til að ná fram markmiðum frumvarpsins.*

*Undirritaður hefur viljað setja spurningarmerki við framangreint mat fjármálaráðuneytisins þó vissulega sé það svo að gildandi ákvæði fara mjög langt með að vera fullnægjandi. Ég tel þó rétt að eyða öllum vafa. Það verður best gert með því að taka sérstaklega fram að 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaganna taki til ákvarðanna á grundvelli laga nr. 107/2009. Ef fjármálaráðuneytið telur að þessum markmiðum megí ná án þessarar tilvísunar, t.d. með breytingu á reglugerð 534/2009 kæmi það einnig til greina. Undirritaður telur þó hinn kostinn betri, þ.e. að vera með beina tilvísun í lög nr. 107/2009, bæði til að taka af allan vafa varðandi einstaklingana en ekki síður til að tryggja að ákvarðanir á grundvelli laganna sem snúa að fyrirtækjum falli undir 3. tölulið 28. gr. (eins og lagt er til að ákvæðinu verði breytt)*

*Varðandi rekstraraðilana þá er markmiðið með tillögunni tryggja að eftirgjöf við þær aðstæður sem ákvæðinu er ætlað að taka tii (þ.e. nauðasamninga eða verulegt ójafnvægi milli eigna og greiðsiugetur annars vegar og fjárskuldbindinga hins vegar) leiði ekki til þess að jákvæður skattstofn myndist hjá þeim sem nýtur eftirgjafarinnar. Hins vegar þarf rekstraraðilinn og eftir atvikum önnur tengd félög sem hafa verið samsköttuð með rekstraraðilanum (samsköttun tekur aðeins til tiltekinna félagaforma), að sætta sig við að nýta skattfrestunarmöguleika í formi yfirfæranlegs rekstrartaps eða fyrningarstofna.*

Afleiðing þessa verður að skattar félagsins í framtíðinni þegar hagnaður verður af starfseminni verða meiri en ella. Því má segja ekki sé um það að ræða að felld sé niður skattlagning hagræðis af eftirgjöf skulda heldur er aðeins um frestun að ræða.

Tillagan gerir þó ráð fyrir að til þess geti komið að á endanum verði hluti fjárhæðar eftirgefinnar kröfu felldur niður án skattlagningar, þ.e. ef enn stendur eftir fjárhæð þegar allt rekstrartap og fyrningarstofnar félagsins hafa verið fullnýttir, eða eftir atvikum yfirfæranlegt rekstrartap félags/a sem voru samsköttuð með félaginu á síðasta álagningarári.

Undirritaður að sjálfsgöðu reiðubúinn til að vinna áfram þessa tillögu, eftir atvikum með fulltrúum fjármálaráðuneytisins. Þá vil ég taka fram að sú tillaga sem Ásmundur Vilhjálmsson setti fram á fundinum er mjög athygliverð og í raun í sama anda og tillaga undirritaðs. Hugsanlega mætti blanda tillögnum saman.

Virðingarfyllt,



Friðgeir Sigurðsson, hdl.